

# 15. FUNDUR Í ÚTHLUTUNARNEFND UPPBYGGINGARSJÓÐS VESTURLANDS

---

**BORGARNESI, MIÐVIKUDAGINN 9. SEPTEMBER 2020 KL. 10:00**

Fundur haldinn í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vesturlands, miðvikudaginn 9. september kl. 10:00 að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi.

Mæting úthlutunarnefnd: Helena Guttormsdóttir formaður, Kristján Sturluson, Sigríður Finsen, Brynjar Sigurðsson og Jónína Erna Arnardóttir.

Mæting fagráð: Ragnheiður Valdimarsdóttir formaður, S. Arnar Sæmundsson, Ingunn Stefánsdóttir og Elva Ösp Magnúsdóttir.  
Guðsteinn Einarsson og Trausti Gylfason boðuðu forföll.

Auk þess sátu fundinn: Páll Brynjarsson, Ólafur Sveinsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Helga Guðjónsdóttir, Svala Svavarsdóttir sem ritaði jafnframt fundargerð og Sigursteinn Sigurðsson sat hluta fundarins, í yfirferð öndvegisumsókna.

## 1. FUNDARSETNING

Formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hún gaf Páli Brynjarssyni orðið sem fór yfir skipulag fundarins.

## 2. UMSÓKNIR UM STYRKI TIL ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARSTYRKJA

Atvinnuráðgjafarnir, Ólafur Sveinsson, Helga Guðjónsdóttir og Ólöf Guðmundsdóttir lögðu fram sitt mat á umsóknum um styrki til atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Fagráð og stjórn sjóðsins ræddu allar umsóknirnar og var samþykkt að úthluta kr. 16.325.000 til 19 umsókna, en alls bárust 24 umsóknir um styrki.

Ingunn Stefánsdóttir vék af fundi þegar tekin var afstaða til umsóknar frá Hvalfjarðarsveit. Kristján Sturluson vék af fundi þegar tekin var afstaða til umsóknar frá Dalabyggð.

## 3. UMSÓKNIR UM ÖNDVEGISSTYRKI

Atvinnuráðgjafarnir Ólafur Sveinsson, Helga Guðjónsdóttir og Ólöf Guðmundsdóttir lögðu fram sitt mat á innsendum viðskiptaáætlunum frá þeim fjórum aðilum sem fengu styrk til að klára viðskiptaáætlun. Sigursteinn Sigurðsson menningarfulltrúi tók þátt í umræðu um menningartengdar umsóknir. Fagráð og stjórn sjóðsins ræddu viðskiptaáætlanirnar og var samþykkt að úthluta kr. 18.000.000 til þriggja verkefna.

## 4. ÚTHLUTUNARHÁTÍÐ

Rætt um staðsetningu og tímasetningu á úthlutunarhátíð og ákveðið að starfsfólk SSV myndi klára að vinna það mál með formanni úthlutunarnefndar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:34.